



2. tbl. 3. árg. 17. feb. 2005



Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið gríðarlegum stakkaskiptum að undanförmu. Sótt hefur verið að stöðu og réttindum launafólks með margvíslegum hætti. Alpýðusambandið hefur fjallað um Sólbaksmálið, samskiptin við Impregilo og framgöngu stjórnvalda í því sambandi, útlendinga á ferðamannapassa við iðnaðarstörf í Reykjavík og nú síðast dæmin um íslenskt verktafyrirtæki fyrir austan.

Það er mikilvægt að hafa í huga hvar sektin liggur. Þó yfirleitt sé talað um ólöglegt vinnuafli snúast flest þessara mála um að tilteknir atvinnurekendur notfæra sér neyð útlendinga til að knýja niður kjör á íslenskum vinnumarkaði. Það getur verkalýðshreyfingin aldrei sætt sig við, hvorki gagnvart þeim einstaklingum sem um er að ræða, né gagnvart íslenskum vinnumarkaði í heild. Opinberir aðilar hafa margvíslegar reglur og úrræði til að grípa inn í þegar svona gerist og hefðu getað tekið á mörgum þeirra mála sem upp hafa komið.

Það er því nóturlegt að heyra hátt setta embættismenn í opinberri þjónustu, láta hafa það eftir sér að það sé lítið hægt að gera, menn verði að láta reyna á fyrir dómstólum.

Í málum sem þessum verða allir að axla sína ábyrgð – ekki einungis verkalýðshreyfingin.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson

Áhrif undirliða neysluverðsvisítölunnar til verðlagsbreytinga síðustu 12 mánuði	
Innfluttar vörur aðrar	-7,1%
Innfluttar mat- og drykkjarvörur	-2,0%
Grænmeti	1,1%
Nýr bill og varahlutir	1,8%
Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur	1,8%
Aðrar innlendar vörur	2,9%
Bensín	4,2%
Áfengi og tóbak	4,9%
Búvörur án grænmetis	6,0%
Opinber þjónusta	12,0%
Önnur þjónusta	18,2%
Húsnæði	56,3%
Visitala neysluverðs	100,0%

## Hvað kyndir undir verðbólgunu?

Verðbólga hefur aukist mikið að undanförmu og mælist nú 4,5%. Þar með hefur hún rofið efri vikmörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Ríflega helming almennra verðhækkana má rekja til hækkunar á húsnæðisverði. Fleiri þættir hafa þó kynt undir verðbólgunu síðustu 12 mánuði. Þegar tölurnar eru skoðaðar kemur í ljós að ríflega 18% hækkunar vísítölunnar má rekja til hækkunar á liðnum önnur þjónusta en það sem vekur þó mesta athygli er að tæp 17% má rekja til verðhækkana opinberra aðila og hækkana á áfengi og tóbaki. (sjá mynd hér að ofan).

Á síðustu þremur árum hefur almennt verðlag hækkað um 8,2% og hefur verðhækkun á framangreindum þáttum verið langt umfram almennt verðlag.

Á þessum tíma hefur húsnæðisverð hækkað mest, eða um 32%, verð á opinberri þjónustu um tæp 20%, áfengi og tóbaki um rúm 13% og önnur þjónusta um tæp 10%.

Það vekur athygli hvað verð á opinberri þjónustu hefur hækkað undanfarin ár, sérstaklega þegar haft er í huga að opinberir aðilar hafa rökstutt verðhækkanirnar með því að verð á opinberri þjónustu hafi verið langt undir hækkun á almennu verðlagi.

Ef opinber þjónusta hefði ekkert hækkað síðustu 12 mánuði, þá hefði verðbólga í febrúar mælst innan efri vikmarka verðbólgu markmiðsins.

## Áhrif breytinga á raforkulögum á orkureikning heimilanna

Nú um áramót tóku gildi breytingar á raforkulögum nr. 65/2003 sem miða að því að skapa samkeppni um sölu á raforku til neytenda. Þetta hefur í för með sér að nauðsynlegt er að breyta talsvert rekstri og uppbyggingu orkufyrirtækja. Helsta breytingin er vegna ákvæða um aðskilnað á sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja (flutningur og dreifing) og samkeppnisstarfsemi (framleiðsla og sala á raforku). Samhliða þessu verður kostnaður vegna dreifingar raforku í dreifbýli og þéttbýli aðskilinn auk þess sem orkufyrirtækjunum er ekki lengur heimilt að hafa

mismunandi gjaldskrár eftir því hvernig nýta á orkuna líkt og fram að þessu hefur verið, t.d fyrir þá sem nota raforku til húshitunar.


Frá síðustu áramótum geta notendur sem kaupa 100 kW eða meira á afhendingarstað valið sér raforkusala. Allir notendur, þ.m.t. heimili, geta valið sér raforkusala frá og með 1. janúar 2006. Fyrir notendur hefur þetta í för með sér að viðskipti vegna flutnings og dreifingar á raforku eru áfram bundin dreifikerfi sem er á viðkomandi landssvæði en notendur geta hins vegar átt viðskipti við það fyrirtæki sem þeir kjósa.

Framhald af bls. 1

# Áhrif breytinga á raforkulögum á orkureikning heimilanna

Einfalt dæmi útskýrir þetta vel. Notandi sem er búsettur á Akureyri og tengdur dreifikerfi Norðurorku greiðir þangað kostnað vegna flutnings og dreifingar. Þessi sami notandi getur síðan valið að kaupa orkuna t.d. hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Raforkureikningur viðkomandi væri þá tvískiptur, annars vegar kostnaður vegna flutnings og dreifingar til Norðurorku og svo kostnaður vegna sölu á raforku til Orkuveitu Reykjavíkur.

## Raforkulög: Markaðsvæðing raforkugeirans



Sérleyfi

Mikið hefur verið rætt um það að undanförunu hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á raforkukostnað heimila. Nýjar gjaldskrár orkufyrirtækjanna, þar sem kostnaður vegna flutnings og dreifingar hefur verið aðskilinn frá kostnaði vegna sölu á raforku, tóku flestar gildi nú í janúar og febrúar. Fyrir hinn almenna neytanda er ekki auðvelt að átta sig í fljótu bragði hver áhrifin verða á orkureikning heimilisins. Ljóst er að fasta gjaldið, sem notendur greiða óháð notkun, hefur almennt hækkað mikið sem þýðir mikla hækkun til minni notenda. Þar sem orkufyrirtækjunum er ekki lengur heimilt að innheimta mismunandi gjald eftir notkun orkunnar hefur breytingin sérstök áhrif á þau heimili sem hita hús sín með raforku. Orkustofnun hefur þó bent á að þrátt fyrir þetta sé ekkert í lögnum sem komi í veg fyrir að orkufyrirtækin bjóði notendum sérkjör á flutning og dreifingu, t.d. vegna mikillar notkunar, sem getur komið notendum húshitunarrafmagns til góða. Auk þess banni lögin ekki sérkjör í samkeppnisþætti verðsins, þ.e. sölu á raforku.

Raforkufyrirtækin hafa því enn ýmsa möguleika til að koma til móts við viðskiptavinum sína. Fyrirkomulag varðandi niðurgreiðslur ríkisins á kostnaði vegna húshitunar með rafmagn og vegna dreifingar og flutnings á raforku í dreifbýli, hefur hingað til ekki legið fyrir. Iðnaðarráðgjafi staðfesti í síðustu viku fyrirkomulag varðandi niðurgreiðslur ríkisins. Þær fela í sér að allur kostnaður vegna flutnings og dreifingar á raforku til húshitunar verður



niðurgreiddur, auk 0,21 kr/kWst. Vegna dreifingar og flutnings á raforku í dreifbýli verða niðurgreiddar 0,63 kr/ kWst.

Raforkukostnaður hækkar almennt mest hjá þeim notendum sem nota lítið rafmagn. Sú leið orkufyrirtækjanna að fella stærra hluta kostnaðar inn í fasta gjaldið sem er innheimt óháð notkun, kemur harðast niður á þessum hópi. Fyrir lítið heimili með 2000 kWst. notkun á ári, verður hækkunin mest fyrir notendur sem búa í dreifbýli á svæði Orkubús Vestfjarða, 38 %. Mikil hækkun verður einnig fyrir þennan hóp hjá Hitaveitu Suðurnesja, 27%, hjá Orkuveitu Reykjavíkur 16,5 % og Norðurorku 14,5%. Ljóst er að þessar miklu hækkunir koma illa niður á smærri heimilum.

Hjá meðalheimilum, sem nota 4000 kWst. af raforku á ári, hækkar raforkureikningurinn einnig talsvert hjá flestum orkufyrirtækjum. Mest er hækkunin í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða, 24% og hjá Hitaveitu Suðurnesja, 16 %, en einnig hækkar reikningurinn fyrir 4000 kWst/ári hjá Norðurorku um 8% og Orkuveitu Reykjavíkur um 7,6 %. Kostnaður vegna samskonar notkunar lækkar hins vegar hjá notendum Rarik í þéttbýli um 4 % og um 0,9% í dreifbýli og hjá Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli um 0,6%.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir raforkukostnað hjá einstökum orkufyrirtækjum ásamt samانبurði á kostnaði vegna 2000, 4000 og 6000 kWst. raforkunotkunar milli árana 2004 og 2005 er að finna hér. [Sjá mynd á pdf-formi](#)

Neytendur eru hvattir til að kynna sér nú þegar hvernig samsetningu verðlagningar á raforku er háttáð þótt flestir eigi ekki tók á því að velja sér raforkusala fyrr en um næstu áramót. Upplýsingar um eigin notkun má finna á greiðsluseðli frá orkufyrirtækjunum og með því að finna út orkunotkun á ári geta neytendur hér sjálfir borið saman raforkukostnað sinn. Besta aðhaldið fyrir raforkusala er vel upplýstir neytendur.

Raforkumarkaðurinn er nokkuð flóknari en flestir markaðir sem heimilin eru vön að eiga viðskipti við. Það er því hagur neytenda að tíminn fram að næstu áramótum verði nýttur sem best til að undirbúa hinn almenna raforkunotanda og gera honum kleift að vera virkur neytandi í hinu nýja samkeppnisumhverfi.

Raforkukostnaður þeirra heimila sem hita híbýli sín með rafmagn mun eins og áður hefur komið fram einnig breytast mikið. Fram til þessa hefur ekki legið fyrir nákvæmlega hver útkoman muni verða hjá þessum heimilum vegna óvissu um fyrirkomulag niðurgreiðslna frá ríkinu. Nú þegar þessar upplýsingar liggja fyrir mun verðlagseftirlit Alþýðusambandsins skoða þennan lið sérstaklega og birta niðurstöður sínar á næstunni.



## Fátækir og ríkir

Bilið á milli fátækra og ríkra er að aukast á Íslandi. Þetta er það sem nýlegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi leiðir í ljós. Svar ráðherra staðfestir margvíslegar aðrar vísendingar sem allar hníga í sömu átt: Í úttekkt Alþýðusambandsins á velferðarkerfinu fyrir tveimur árum kom t.d. í ljós að þrátt fyrir að kaupmáttur tekna hjá flestum þjóðfélagshópum hefði aukist verulega síðustu ár, hefði hlutfall fólks sem tilheyrði lægstu tekjuhópunum aukist talsvert síðan árið 1995. Úttekt forsætisráðuneytisins í fyrra á fátækt leiðir sömu niðurstöðu í ljós. Í nýlegri greinargerð Reykjavíkurborgar um atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð kemur fram að fjölskyldum sem þáðu fjárhagsaðstoð hafi fækkað á árunum 1995-2000 en fjölgað jafnt og þétt síðan. Loks má nefna að talsmenn Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins hafa lýst yfir að þörf á neyðaraðstoð um síðustu jól hafi verið meiri en árið áður.

Það er mikið áhyggjuefni að bilið milli fátækra og ríkra aukist og verði sýnilegra í hagvexti eins og við höfum búið við á Íslandi síðasta áratuginn. Það eru hópar sem hafa ekki nóg milli handanna til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum, hvað þá að þeir geti tekið þátt í velmegunarkapplaupinu. Þetta getur haft ýmis neikvæð áhrif og leitt til margvíslegra félagslegra vandamála.

Þegar rýnt er nánar í tölur um tekjudreifingu, fjárhagsaðstoð og fátækt kemur í ljós í ljós að þeir hópar sem höllustum fæti standa og eiga mest á hættu með að einangrast eru atvinnulausir, láglaunafólk, einstæðir foreldrar, sjúklingar, öryrkjar og aldraðir. Talsmenn hjálpar-samtaka hafa einnig lýst yfir áhyggjum af stöðu erlends starfsfólks sem sé illa sett og viti jafnvel ekki hvar það getur leitað sér aðstoðar.

Það vekur athygli að meðal þeirra sem búa við hvað kröppust kjör er að finna launafólk – þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að í síðustu kjarasamningum hefur verið lögð áhersla á að hækka laun þeirra umfram annarra.

Staðreyndin er hins vegar sú að slíkar sérhækkningar hafa á undanförunum árum varla dugað til að veita upp launaskrið (hækkningar umfram kjarasamningsbundnar hækkningar) sem starfsfólk sem stótt er ofar í launastiganum oft nýtur.

Ástandið meðal atvinnulausra, sjúklinga, öryrkja og aldraðra kemur síður á óvart. Síðustu ár hafa Íslendingar búið við meira atvinnuleysi en þekkt hefur áður; ungt fólk, eldra fólk og fatlað fólk á oft erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum og þarf stundum að búa við atvinnuleysi í langan tíma. Þeir sem lenda í langvarandi veikindum og verða að reiða sig alfarið á almanna-tryggingar þurfa að gera sér að góðu sjúkradagpeninga sem nema tæpum 900 krónum á dag. Árið 1995 voru reglubundnar hækkningar greiðslna almanna-trygginga til öryrkja og aldraðra aftengdar hækkun lágmarkslauna. Síðan þá hefur grunnlífeyrir hækkað talsvert minna en lægstu launin.

Almennt má segja að lágur bætur og grunnlífeyrir ásamt miklum tekjutengingum valdi því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að teysta á þessar greiðslur til að framfleyta sér, búi við mjög bág kjör. Kaupmáttaraukning bóta og grunnlífeyris hefur verið minni en almennra launa á liðnum árum. Hluti af kaupmáttaraukanum hefur farið í greiðslu á tekjuskatti þar sem skattleysismörk hafa ekki haldið í við hækkun bóta. Það getur einnig reynst mörgum erfitt sem verða fyrir áfalli, að nokkur tími kann að líða þar til velferðarkerfið grípur inn í með viðunandi hætti. Þessar aðstæður geta komið upp við slys eða langvarandi sjúkdóm, þegar einstaklingur hefur nýtt rétt sinn til veikinda á vinnumarkaði.

### Lágmarkslaun og greidd laun 1995-2007

		Dagvinnulaun verkafólks			Hlutfall af meðallaunum	
		Taxti almenns verkafólks	Lágmarkslaun fyrir fullt starf	Meðallaun verkafólks	Taxti almenns verkafólks	Lágmarkslaun fyrir fullt starf
1998	1.jan	63.766	70.000	100.200	63,6%	69,9%
1999	1.jan	66.093	70.000	106.775	61,9%	65,6%
2000	1.apr	71.563	77.000	116.175	61,6%	66,3%
2001	1.jan	76.214	85.000	129.850	58,7%	65,5%
2002	1.jan	81.168	90.000	136.800	59,3%	65,8%
2003	1.jan	88.794	93.000	144.450	61,5%	64,4%
2004	1.jan	88.794	93.000	150.945*	58,8%	61,6%
2004	1.mar	97.463	100.000	150.945*	64,6%	66,2%

\*Áætlun Heimildir: Lágmarkslaun verkafólks 1995-2007: Kjarasamningar SGS Greidd laun verkafólks 1998-2004: Kjararannsóknanefnd